



Faghópur I

Fundargerð 6. fundar

Umhverfisráðuneytið, 26. feb. 2009, kl. 10:30

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir.

Forföll:

Fundarfrásögn

- Samþykktar fundargerðir.** Fundargerðir tveggja síðustu funda (29. jan. og 12. feb.) voru samþykktar eftir að gestir fundanna höfðu fyrir sína hönd staðfest það sem eftir þeim var haft.
- Gögn frá 1. áfanga.** Haldið var áfram að ræða vinnulag fyrir mat hópsins. Í 1. áfanga var útbúin samantekt fyrir hvert viðfang þar sem sérstakur undirhópur hafði tekið saman tillögu að einkunnagjöf með rökstuðningi. Formaður dreifði ljósritum með tveimur dæmum frá 1. áfanga. Annars vegar var tillaga að verðmætaeinkunnum fyrir flóru og gróður á vatnsaflsvirkjanasvæðum og hins vegar tillaga að áhrifamati fyrir vistgerðir fyrir jarðvarmavirkjanir. Einnig var dreift yfirliti frá 1. áfanga yfir náttúruverðmæti vatnasviðs virkjana – vatnafar: Einkunnagjöf og rökstuðningur fyrir viðmið (undirhópur, feb. 2002). Hvort tveggja eru fylgiskjöl með þessari fundargerð.
- Tölugildi og einkunnir.** Stutt umræða var um matstölur, vogtölur og einkunnaskala, sem mun fylgja 1. áfanga. Skalinn verður ólínulegur þar sem áhrif verða metin með 0 (engin), 1 (lítil), 3 (nokkur), 6 (mikil) og 10 (mjög mikil). „Verðmæti“ verða metin á sama skala nema hvað 0 verður sleppt.
- Myndefni.** Formaður og starfsmaður kynntu að Orkustofnun og ÍSOR hefðu opnað aðgang fyrir rammaáætlun að SPOT-myndum (um 60 samsettum gervitunglamyndum – hver um sig ca. 60 x 60 km - frá árunum 2001-2006) af landinu öllu með nákvæmni upp á um 5 m. Ofan á myndina hafa verið settar þekjur með örnefnum, hæðarlínum og fleiri upplýsingum. Til greina kemur að merkja þau svæði sem liggja undir mati hjá rammaáætlun inn á myndina en óvíst er um framgang þess þáttar. Þá opnaði Magnús lokað myndasvæði á vefsíðu ÍSOR af háhitasvæðum (loftmyndir og kort) sem rammaáætlun getur fengið aðgang að. Þetta safn mun verða skoðað betur.
- Undirhópar.** Formaður sagði frá starfi faghópsins í 1. áfanga og m.a. kom til tals hvort ástæða væri til að fara að dæmi þess hóps að setja á fót undirnefndir er tækju fyrir afmörkuð svið. Ljóst væri að mikil vinna væri framundan og ástæða til að kanna möguleika að kalla til fleiri vinnufúsar hendur. Mikilvægt væri að leita til fólks sem þekkti landið vel og væri tilbúið til að leggja á sig að kynna sér vel þau gögn sem liggja til grundvallar matinu. Beinast lægi við að virkja meðlimi gamla hópsins sem þekka bæði aðferðafræðina og hafa skoðað svæðin. Rétt þykir að bíða með ákvarðanir í þessum efnum uns fyrir liggur hvaða svæði verða tekin til mats.
- Framhald.** Fram kom að á fundi verkefnisstjórnar þann 27. feb. væri stefnt að því að taka fyrir lista yfir virkjunarkosti og þá ætti að liggja fyrir umfang verkefnisins. Starfsmaður mun leggja inn á vinnusvæði vefsíðunnar aðgang að heildarlista yfir tiltækar heimildir sem hann hefur safnað

saman. Þar er þó ekki um tæmandi lista að ræða. Aðgangur að loftmyndum ætti að liggja fyrir innan viku. Viðfangsefni næsta fundar verður afmörkun þeirra svæða sem hópurinn mun skoða. Matsferlið mun líklega hefjast með því að líta á þrjú vatnasvið og 3 háhitasvæði.

7. **Næsti fundur** verður haldinn kl. 10:30 þann.12. mars í Umhverfisráðuneytinu.
8. **Fundinum var slitið** kl. 12:20.